



## ***Sjálfsmatsskýrsla Stekkjarás***



***Skólaárið 2017 – 2018 endurmetið***

## **Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Starfsmenn - Vinnustaðagreining Hafnarfjarðarbæjar .....	3
Starfsmenn - Starfsmannasamtöl, fundir og skipulagsdagar .....	3
Starfsmenn – Viðhorfskönnun um samstarf – hvað viljum við? .....	4
Starfsmenn - niðurstaða endurmatsumræðna 28. maí .....	5
Barnaheill vináttuverkefnið – endurmat Ellen og Harpa Kolbeins.....	6
Endurmat sérkennslustjóra á sérkennslunni .....	7
Endurmat verkefnastjóra í skapandi starfi.....	9
Foreldrar- viðhorfskönnun Skólapúlsins.....	9
Mat barna .....	10
Framfylgni úrbótaáætlunar í kjölfar mats skólaársins 2017-2018.....	11
Símenntunaráætlun skólaársins 2017 -2018 endurmetin .....	13
Matsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018 endurmetin .....	14
Samantekt.....	15

## ***Inngangur***

Á þessu skólaári urðu börnin 176 en áætlun í upphafi skólaársins gerði ráð fyrir 178 börnum. Lítil starfsmennavelta var á skólaárinu og tókst að manna sérkennsluna með vel menntuðum aðilum þar af tveir þroskaþjálfar, einn á síðasta ári í þroskaþjálfanámi og einstaklingur með B.s í sálfræði og reynslu af starfi í Stekkjarási. Nokkuð góð dreifing var á aldri nemenda á deildum um haustið en geymd voru pláss á annarri ungbarnadeildinni undir áramót en þá komu mjög ung börn inn þar af tvö starfsmannabörn. Þá varð sú deild með, til þess að gera, breytt aldursbil fyrir ungbarnadeild. Uppúr áramótum þurftum við að ráða starfsfólk þar sem þá fór fólk að tynast í veikindi og nemendum fjölgaði og það gekk brösulega til að byrja með en svo voru ráðin þrjú ungmenni í tímabundið starf til sumars. Barn umsækjenda um alþjóðlega vernd kom í leikskólann í apríl og var enn í leikskólanum þegar þessi skýrsla var tekin saman.

Í ár stóð Skólapúlsinn fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra sem fram fór í mars 2018. Hafnarfjarðarbær gerði vinnustaðgreiningu meðal allra sinna stafsmanna um haustið 2017. Á skipulagsdegi 28. maí voru endurmatsumræður um þátttöku starfsmanna í verkefninu bætt menntun í Hafnarfirði, umgengni í garði og hvernig fólki tekst að vinna með börn með erfiða hegðun. Samstarf í leikskólanum var skoðað og reynt að greina samræmanlegar óskir starfsmanna um samstarf. Einnig var skoðað sérstaklega hvaða samstarf deildarstjórar vilja hafa sín á milli. Sérkennslustjórinn lagði mat á sitt starf, verkefnisstjórinn í skapandi starfi lagði einnig mat á sitt starf og leikskólastjóri fór yfir umbótaverkefnalistann sem settur var fram í starfsáætlun fyrir skólaárið 2017 -2018. Aðstoðarleikskólastjóri fór yfir símenntunaráætlunina. Viðhorfskönnun var gerð í maí meðal elstu barnanna og sá verkefnisstjórinn í skapandi starfi um að leggja hana fyrir börnin. Viðhorfskönnunin er að innihaldi eins og fyrri ár en framsetning spurninganna var endurbætt samkvæmt umbótaráætlun fyrir skólaárið.

Í mars byrjuðum við á tilraunaverkefni með að hafa matsal í hálfum salnum vestan megin þar sem allar aldursblönduðu deildarnar sex borða og var hugmyndin að það verkefni yrði endurmetið í júní og ákvörðun tekin um framhaldið. Þegar þessi skýrsla er tekin saman er þetta endurmat ekki búið og enn óljóst um framhaldið.

Starfið var auk þess metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum samráðsteymis leikskólans. Auk þess sem ákveðið mat fór fram í starfsmannasamtölum sem tekin voru á vorönn. Skýrsluna tók saman Alda Agnes leikskólastjóri.

## **Starfsmenn - Vinnustaðagreining Hafnarfjarðarbæjar**

Við fórum yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi 6. febrúar 2018. Hver deild fyrir sig og svo miðhúsið sér ræddu niðurstöðurnar og komu með tillögur til úrbóta. Í fyrsta lagi var svörunin það slæm (54%) að í raun er ekki hægt að taka mark á niðurstöðunum. Samt sem áður var ákveðið að ræða niðurstöðurnar og ath. hvort þær gæfu tækifæri til úrbóta. Númer eitt þá þarf að auka þátttöku starfsmanna í viðhorfskönnunum. Það eina sem kom fram sem orsakavaldur að því að fólk tekur ekki þátt er rekjanleiki. Við vorum svo sem í ágætismálum í niðurstöðum könnunarinnar en samt sem áður dalandi frá því síðast, ef við leyfum okkur að bera saman niðursöður úr tveimur könnunum sem voru báðar með allt of lágt svarhlutfall. Að hrósa hvort öðru er eitthvað sem við meigum gera meira af.

Það kom einnig í ljós að starfsmenn skildu ekki alltaf hvað var verið að spyrja um t.d. varðandi það hvort farið væri yfir starfslýsinguna og í niðurstöðunum áttuðu sumir sig ekki á því hvort lág tala í sambandi við vinnuálag væri slæmt eða gott. Samvinnu má efla og ljóst er að starfsfólki finnst góður starfsandi vera eftirsóknarverður og grunnur að góðri samvinnu.

Umbótaverkefni:

- ❖ Hvetja Hafnarfjarðarbæ sem gerir þessa tilteknu viðhorfskönnun að hætta að spyrja um kyn og aldur til að minnka möguleikan til að rekja svörin til ákveðinna persóna. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Við næstu svona viðhorfskönnun verður tekin frá sérstök tölva á leikskólanum, sem staðsett er í rólegu rými innan leikskólans, til að svara könnuninni og deildarstjóri sér um að hver starfsmaður deildarinnar fái tækifæri til að fara í viðkomandi tölu og svara könnuninni. Hvatning til þátttöku verði á höndum allra stjórnenda. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Á starfsmannafundi í maí verði örnámskeið um hvatningu og hrós. Ábyrgð leikskólastjóri.

## **Starfsmenn - Starfsmannasamtöl, fundir og skipulagsdagar.**

Starfið er metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildarfundum, deildastjórafundum og fundum samráðsteymis leikskólans. Mat sem fram fer með slíkum hætti er að mestu bætt jafnóðum eftir því sem við á og á þetta til dæmis við ef vandamál sem koma upp á mill starfsmanna, ef upp koma mikil frávik í hegðun barna og svo framvegis.

Starfsmannasamtöl eru tekin árlega á vorönn og er tilgangur þeirra að gefa starfsfólki tækifæri á að ræða líðan sína, faglegar áherslur og mat þeirra á hvaða símenntun þau þurfa á að halda til að þróa sig frekar í starfi. Líkt og áður skiptu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þeim á milli sín u.þ.b. til helminga. Leikskólastjóri lagði áherslu á að taka viðtöl við stjórnendur leikskólans. Í starfsmannasamtölunum kom fram nokkur ánægja en misjafnt var eftir deildum hvernig gekk að vinna í teymum. Reynt var að bregðast við athugasemdum frá starfsmönnum ef það var metið nauðsynlegt en ekkert kom fram í þeim sem kallaði á umbótarverkefni fyrir næsta skólár.

Á deildastjórafundum hefur okkur verið tíðrætt um gengi starfsmanna við að gera skráningar og allir sammála um að við þurfum að bæta okkur í því. Samþykkt var á einum deildastjórafundum í byrjun júní að við myndum gera skráningar að megin þema næsta skólaárs.

Umbótaverkefni:

- ❖ Uppeldisfræðilegar skráningar verða gerðar að rauðum þræði í gegnum allt starf næsta skólaárs og tekið tillit til þess í starfsáætlun.

## **Starfsmenn – Viðhorfskönnun um samstarf – hvað viljum við?**

Hvernig er samstarf í húsinu best háttað. Lögð var áhersla á að fólk segði hvernig samstarf það vildi en ekki átti að eyða tíma í að tala um ómögulegt samstarf.

Þátttakendur í viðhorfskönnuninni voru oftast en ekki jákvæðir með samstarfið eins og það er í dag. Dæmi um góð samskipti er sveigjanleiki, jákvæðni og hjálpsemi. Þetta á sérstaklega við þegar vantar fólk í húsið. Flestir voru ánægðir með samstarf innan deildanna og sumstaðar var ánægja með samstarfið við deildina á móti.

Eftirfarandi uppástungur um gott samstarf komu fram:

Á útisvæðinu er frábært þegar deildarnar hjápast að við tiltekt og að við hugum að börnum á öllum deildum og hjálpumst að með svæðin. Að deildar skiptast á leikföngum. Stjórnendur hafi góða yfirsýn á stöðuna í starfsmannamálum morgnana. Gott ef eldhússtarfsfólkið sýnir brosandí samskipti og þegar seinkun er á að maturinn er tilbúinn væri gott að hringja á deildir og láta vita. Sumum langar að sjá meira af starfsfólkinu sem er í hinum enda leikskólans, spurning hvort hægt sé að koma skipulagi á að fólk fari í heimsóknir. Sjáum möguleika á meira samstarfi á milli deilda þegar hurðar eru opnar þá þora bæði börn og starfsmenn frekar að fara í heimsókn. Ef heimsóknir eru algengar væri hægt að heimsækja deildina þegar börn þurfa klárlega að skipta um umhverfi. Hægt að stuðla að góðu samstarfi milli deildastjóra þegar þeir ná að vera saman í undirbúningi einhvern hluta af tímanum. Leikskólastjóri gæti stuðlað að jákvæðum samskiptum ef hann væri sýnilegri á kaffistofunni. Starfsfólk sérkennslu sér fyrir sér að það væri jákvætt ef það væri meira samstarf milli þess og deildarstarfsmanna. Sérkennslan getur farið í skiptivinnu við starfmenndeildar t.d. tekið samverustundir en deildarstarfsmaður sér þá um stuðningsbarnið. Muna að stuðningsbarnið tilheyrir deildinni. Spurning um að halda sérkennslufundi líkt og deildar fundi. 1x í mánuði milli 9 og 10 eða 15 og 16. Fundagerð yrði sett á sameign. Samstarf milli deilda gæti verið í sambandi við stöðvavinnu þegar unnið væri að svipuðum verkefnum, t.d. að fara saman í vettvangsferðir. Gaman væri að hafa upplýsingaskipti reglulega á milli deilda. Mánaðarlegar sýningar á skráningum í sal um hvað er verið að gera á deildum. Samstarf í skógarferðum er ekki endilega gott í því formi að fara saman í ferðir, stundum er gott fyrir deildina að fara ein. Gott að fara alltaf með sömu deildinni í skógarferðir þannig þekkja starfsmenn börnin og börnin þekkja starfsmennina vel. Auka samræður og upplýsingaflæði.

Umbótarverkefni:

- ❖ Starfsfólk sérkennslu heldur deildarfundum einu sinni í mánuði á dagtíma og setur fundagerðir á sameignardrifið.
- ❖ Leikskólastjóri fer í eitt fyrra kaffi og annað seinna kaffi, minnst einu sinni í viku.
- ❖ Skráningar í sal verði nýttar markvisst og með skipulögðum hætti til að gefa upplýsingar á milli deilda og alls starfsfólksins í húsinu.
- ❖ Unnið verði að góðu upplýsingaflæði og að gera samtalið að aðaltæki starfsmanna til að samstarf sé gott. Gert með því að taka þetta fyrir á starfsmannafundum einu sinni á hvorri önn.

## **Starfsmenn - niðurstaða endurmatsumræðna 28. maí**

Tekin voru þrjú atriði fyrir í 20 mín. umræðulotum. Umræðan tekin upp og samantekt unnin eftir upptökum.

**I - Hver er þátttaka starfsmanna er í verkefninu: Bætt menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi (og stærðfræði).** Alda Agnes stýrði umræðum og tók saman.

Fram kom í umræðunum að starfsfólk telur sig vera gera heilmikið. Bókstafir og tölustafir hafðir oft upp á veggjum. Nöfn barnanna á spöldum og starfir eru aðgengileg nálægt skriffærum og börnin hvött til að skrifa nafnið sitt og annan texta ef tækifæra gefast. Lesið er fyrir börnin, sungið með þeim og við erum með læsisorminn tvisvar á ári. Einnig var rætt um að stærðfræðin væri alltaf með okkur í starfinu og ýmislegt sem væri hvetjandi hvað varðar hana. Börnin eru að reikna, telja, verið að leika með hugtökin, stutt, langt, margt, fátt o.s.frv. . Ýmis leikefni eru nátengd stærðfræði s.s. einingarkubbarnir og legókubbarnir. Það var tilfinning sumra að verkefnið væri að dala og lifað væri á fyrstu innspýtingunni þegar verkefnið fór af stað. Vísurnar úr Lubba eru minna sungnar og ekki mikið unnið með fyrsta hljóði. Matsalurinn hefur breytt skipulaginu og þeim tímasetningum sem nýttur var í lestur og söng og það er eitthvað sem þarf að skoða ef matsalurinn heldur áfram.

Umbótarverkefni:

- ❖ Skerpa þarf á verkefninu bætt menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og koma með nýja innspýtingu í upphafi næsta skólaárs
- ❖ Gera skráningu á vorönn sem fjallar á einhvern hátt um þætti tengda undirstöðu læsis.

**II - Hvað gerum við þegar við erum að vinna með barn/börn sem sýnir mjög erfiða hegðun? Hvað kunnum við sem virkar? Hvernig gengur að fara eftir ráðleggingum sérfræðinga sem koma með ráð? Hvað er til ráða ef ráð sérfræðinga duga ekki? Nákvæmarleiðbeiningar í hverju tilfelli fyrir sig, skýrar leiðbeiningar.** Agnes stýrði umræðum. Alda Agnes tók saman.

Miklar umræður urðu en reynt var að beina henni að þeim börnum sem ekki hafa neinar greiningar en eiga erfitt með skap og hegðun. Mikill tími fer í börnin með hegðunarerfileika og bæði á deildarfundum og í dagsins önn. Flestir voru á því að deildarfólkið þekki barnið best og ætti því að vera færast í því að finna leiðina til að uppræta eða ráða við hegðunina því það þarf að bregðast við í aðstæðum. Ráðgefandi aðkoma sérkennslustjórans er alltaf í boði en ráðin hans hafa ekki gefist nógu oft vel þar sem tilfinning deildarfólksins er að hann þekki ekki barnið nógu vel. Fram kom að grípa þarf börnin þegar þau eru stillt, eru í góðu, hrósa þeim og styrkja slíka hegðun. Ekki er gott að öll athyglin komi þegar barnið er í kasti eða að haga sér óæskilega. Mikilvægt er að starfsfólk deildarinnar sé samtaka og það sé með hegðunarmótandi aðferðir. Sumir veltu því fyrir sér hvernig væri hægt að breyta viðhorfi starfsfólks til barna með erfiða hegðun og viðurkenna tilfinningar. Umræða varð um hvaða leiðir er hægt að fara í áður en barna fer í mótþróa. Kom fram að það væri til dæmis ráð að nota atvikaskráningar til að reyna að greina óæskilegu hegðunina og gera áætlun um hvernig starfsfólk ætli sér að bregðast við. Mörgum gafst vel að fara með barnið afsíðis.

Umbótarverkefni:

- ❖ Stjórnendur í samráði við sérkennslustarfsmennina skoða aðferðir sem notaðar eru til hegðunarmótunar og athuga hvort áhugi sé fyrir því að Stekkjarási komi sér upp einhverri einni aðferð til að grípa til umfram aðra.

### **III - Hvaða reglur ef einhverjar við viljum að gildi í garðinum.** Sverri stýrði umræðum og tók saman.

Það er almennt viðhorf að garðurinn eigi fyrst og fremst að vera leiksvæði barnanna en ekki skruðgarður. Það kom fram að hver og einn starfsmaður verður að meta það hverju sinni hvað hann leyfir varðandi umgengi s.s. hvort sandi sé dreift á stétt og hjólað sé á grasinu. Reynt hefur verið að venda hluta garðsins fyrir ágangi en það hefur ekki reynst vel. Einnig var núverandi skipulag um vaktsvæði rætt og það var samdóma álit starfsfólks að það virkar vel, þegar eftir því er farið. Fólk nefndi þó að auka mætti samráð og samtal starfsfólks í garðinum og koma verði í veg fyrir hættulega hegðun. Einnig þarf að skerpa á reglum er varða frágang.

Umbótarverkefni:

- ❖ Leita leiða til að auka samráð og samtal meðal starfsmanna í garðinum.
- ❖ Auka samstöðu starfsfólks við að koma í veg fyrir að börn fari niður brekkuna á Flóttasvæði á þríhjólum.
- ❖ Skerpa á reglum varðandi frágang leiktækja í garðinum. Bæði fyrir hádegi og eins í lok dags.

### ***Barnaheill vináttuverkefnið – endurmat Ellen og Harpa Kolbeins.***

Vináttuverkefnið er unnið á tveimur deildum, Fífu og Þúfu. Báðum deildarstjórunum á þeim deildum finnst efnið skemmtilegt og gott. Tónlistin og leikirnir gefa mörg tækifæri og mætti vel nýta það betur. Til þess að það gerist þarf að setja það markvisst í dagskránnu og önnur deildin sér það fyrir sér að vinna með efnið í tveimur tímabilum á haustönn og svo aftur á vorönn en hvíla það inn á milli. Meiri kraftur var í notkun efnisins í upphafi skólaárs en það hefur verið lítið notað núna síðustu vikur skólaársins. Spurning kom upp á annarri deildinni hvort taskan sé nógu aðgengileg, en eins og skipulagið er núna eru deildarnar að skipta með sér einni tösku. Bangsarnir eru aðalega notaðir í hvíldinni en börnin sækja ekki í þá til huggunnar. Það eru aðalega þeir tveir deildarstjórar sem fóru á námskeiðið í upphafi sem vinna með efnið en aðrir starfsmenn á deildinni nýta sér það lítið. Eins er lítið spurt út í efnið af deildarstjórum og starfsmönnum annarra deilda.

## **Endurmat sérkennslustjóra á sérkennslunni**

### **Gagnsemi sérkennslunnar, varð einhver árangur af henni - hver þá helst?**

Árangur sérkennslunnar hefur verið mismikill þetta árið. Öll börnin hafa sýnt framfarir þó mismiklar. Árangurinn helst nokkuð í við úthlutaðan tíma. Allavega fórum við að sjá árangur hjá nokkrum börnum eftir að þau fengu aukinn stuðningstíma. Framfarinar eru enn og aftur mestar þar sem eftirfylgni og samvinna allra á deildinni er góð og þar líður "sérkennslufólkinu" betur og sér meiri árangur af starfi sínu. Áherslunar í starfi okkar eru skipulögð kennsta/TEACCH sem hentar vel okkar starfsaðferðum og hefur skilað góðum árangri þar sem sú aðferð er notuð markvisst. Þetta starfsár hefur sérkennsaln verið í höndum þroskaþjálfara, þroskaþjálfanemar og einn starfsamaður er með BA í sálfræði. Góð þekking er því til staðar hjá starfsólkinu og nýtist vel í námskrágerð þar sem notast er við AEPS listann til að setja sér markmið og leiðir í sérkennslunni. AEPS listinn nýtist líka vel sem mælitæki á framfarir náms.

Þau börn sem höfðu stuðning vegna hegðunarvanda hafa sýnt litlar framfari og í fæstum tilvikum hefur samstarfsvilji barnanna aukist. Samskiptabækur/vinnubækur fyrir erlendu börnin voru á nokkrum deildum þetta árið og er almenn ánægja með þær.

### **Hljóm.**

Í ár voru 10 börn í málörvun þ.e þau sem komu út í slakri eða mjög slakri færni í fyrirlögn á Hljómi -2 í haust. Í Hópnun var einning barn af erlendum uppruna sem ekki var hægt að leggja fyrir Hljóm -2 vegna slakrar kunnáttu í íslensku. Við máttum það svo að þarna væri gott tækifæri fyrir barnið að fá styrkingu í hljóðkerfisvitund og undirbúning fyrri lestrarnámið. Eining buðum við þremur börnum að vera með sem þurftu styrkingu á að fylga fyrirmælum og hvatningu í úthaldi og einbeitingu. Hóparnir voru þrír fyrir áramót og voru það Þyri og Jana Hrönn sem voru með hópana. Eftirfylgni var góð og unnið vel. Við aðra fyrirlögn fækkaði verulega í hópunum og eftir áramót voru tveir hópar sem Jana/Agga og Þyri sáu um. Gerð var vinnuáætlun fyrir fjórar vikur í einu. Fyrir áramót gekk vel að halda tímaáætlun og féllu tímar sjaldan niður en undir vorið gekk ver að halda sig við efnið en áður.

### **Hvernig skiptist tími þinn milli verkefna, þ.e fundarsetu, undirbúningsvinna bein sérkennsla.**

Þar sem sérkennslan hefur þetta skólaárið verið að mestu leyti í höndum fagfólks hefur aðkoma mín aðalega falist í eftirfylgni og endurmati. Bein sérkennsla var ekki á mínum höndum fyrir áramót en á vorönn tók ég að mér Hljóm hóp 2x í viku og undanfarið hef ég verið með tvo nemendur í málörvun einu sinni á dag. Mest af vinnutíma mínum fer í stjórnun en í því felst meðal annars að sitja foreldrasamtöl þegar deildastjórar óska þess, vera í samstarfi við foreldra, deildastjóra og annað starfsfólk sem óskar eftir mínum starfskröftum. Með því að vera ekki mikið í beinni sérkennslu á ég betur með að koma á móts við þarfir fólks að hitta mig á mismunandi tímum.

### **Áherslubreytingar -Framkvæmd- og eftirfylgni.**

Ég tel mikilvægt að halda áfram á að sérkennslufólkið sé ekki talið með deildarfólki. Með þessu fyrirkomulagi tel ég að skapist meiri sátt og virðing fyrir störfum sérkennslufólksins. Allir sem komu að sérkennslunni gerðu stundaskrá fyrir sína skjólstæðinga en mismunandi var hvað hver stuðningsaðili var með mörg börn á sínum vegum og jafnvel á fleiri en einni deild hver. Vel gekk að mestu leyti að fylga stuðningskennslunni eftir þetta árið. Fólkið var flest metnaðarfull og lagði sig fram í vinnu. Vel gekk að fá fólkið í önnur verkefni ef á þurfti að halda. Í heildina litið tel ég að virðing sé borin fyrir mikilvægi sérkennslunnar í leikskólatafinu og mikilvægi þess að börnin fái þann stuðning sem gerir þeim fært að taka þátt og vera virkir nemendur í daglegu lífi leikskólans.

Þar sem stuðningur er innan (þriðji flokkur) deildar fellur hann frekar niður eða verður meira "fljótandi" þ.e. ekki eins markviss og mælanlegur. Þó er mjög misjafna hvenig deildastjórar taka á málum og hversu lausnarmiðaðir þeir eru.

### **Samstarf við foreldra.**

Samstarf við foreldra hefur verið gott.



### **Samstarf við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðr.**

Aðgangur við sérkennslufulltrúa, sálfræðing og talmeinafræðing er gott. Ávallt er hægt að leita til þeirra. Það er nánast ekki ásættanlegt hvað bið eftir sérfræðiþjónustu er löng. Á það við alla staði bæði Skólaskrifstofuna og annarrar stoðþjónustu sem við þurfum að sækja eftir. Þá er þetta helst bagalegt þegar við þurfum stuðning fyrir deildir eða sérkennslustjóra sem fyrst.

### **Næsta skólaár:**

Það er von mín að næsta skólaár verið enn betra en þetta ár. Allir stuðningskennarar verði með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn. Eins og staðan er í dag verður nánast eingöngu fagfólk í stuðningskennslu næsta skólaár. Því hef ég miklar væntingar því ekki er skortur á verkefnum. Ég tel mikilvægt að skoða vel hvaða leiðir við viljum fara og hvaða verkfæri við viljum nota í því að taka á hegðunarvanda barnanna. Veruleg vinna var lögð í stuðning og eftirfylgd þetta skólaár en þar náðis nánast enginn árangur. Því bera að skoða þetta vel fyrir næsta skóla þ.e. hvað leiðir við vilju leggja áherslu á varðandi þessi börn. Eining hef ég ákveðnar væntingar um að mæta erlendum og tvítyngdum börn betur en við höfum gert. Síðan er mikilvægt að skilgreina þau börn sem falla undir þriðja flokk vel og gott væri að deildastjórar þyrftu að sækja um til samráðsteymisins um tímaúthlutun og gera þannig deildastjóranna vel meðvitaða um að ábyrgðin sé þeirra.

### **Umbótaverkefni:**

- ❖ Allir stuðningsaðilar verði færir að nýta AEPS listann sem tæki til að setja sér markamið og leiði ásamt því að nota listann sem matstæki á framfarir náms.
- ❖ Annan hvern mánuð hittir sérkennslustjóri stuðningsaðila og deildarstjóra ef það á við og fer yfir stöðu náms stuðningsbarns.
- ❖ Skoða nýjar leiðir við stuðning barna og deilda þegar um hegnunarvanda barna er að ræða.
- ❖ Mikilvægt er að finna leiðir til að mæta erlendum og tvítyngdum börnum
- ❖ Skilgreina vel þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað.
- ❖ Ef deildastjóri óskar eftir tíma fyrir einstakt barn eða börn skulu deildarstjórar sækja um það skriflega til samráðsteymis leikskólans.
- ❖ Útbúið verður eyðublað sem hægt er að sækja um í þriðja flokk.

## **Endurmat verkefnastjóra í skapandi starfi**

Verkefnastjóri vann eftir sama skipulagi og á síðasta skólaári. Unnið var inni á deild eina viku í senn, fyrir hádegi. Þetta var gert til að auka samskipti og samvinnu á milli verkefnastjóra, starfsmanna og barna. Eftir hádegi var verkefnastjóri til staðar til að aðstoða starfsfólk á öðrum deildum, koma með hugmyndir, verkefni, ráðleggingar, panta vörur o.s.v. Yfir árs tímabil hefur verkefnastjórinn þá verið einn mánuð inni á hverri deild. Verkefnisstjórinn aðstoðaði og hafði yfirsýn með ýmsum hefðum og uppákomum eins og hann hefur gert síðust ár. Frá febrúar til mars 2018 tók hann einnig að sér leikskólakennaranema frá Háskóla Íslands. Frá mars vann verkefnisstjórinn eftir hádegi inn á deild á móti deildarstjóra sem tímabundið minnkaði við sig vinnu vegna persónulegra aðstæðna. Frá maí hefur verkefnastjóri nýtt sér tímann fyrir hádegi til að aðstoða starfsfólk og klára ýmis önnur verkefni.

Vinnuskipulag síðasta skóla árs gekk vel fyrir sig en athugasemdir voru gerðar um lengd á milli skipta inn á deildum. Sumum fannst tveir mánuðir á milli „heimsókna“ of langt. Til að bæta skipulagð verður leitað lausna á næsta skólaári í samstarf við starfsfólk. Erfiðlega gengur fyrir verkefnisstjórann að vinna með deildum til að ígrunda starf deildanna. Það er ákveðin bremsa sett á verkefnisstjórann þegar hann reynir það. Spurning hvað veldur, er það tímaskortur, framganga verkefnisstjórans eða annað? Verkefnastjóri mun halda áfram að leita leiða til að þróa starfið í anda Reggio Emilia og hvetja starfsfólk til fjölbreytts og skapandi starfs. Eins og í fyrra telur verkefnastjóri að deildarstjórar geti oftast hvatt starfsfólk sitt til að leita til hans sérstaklega í ljósi þess að allir fá nú tækifæri að fara í undirbúning. Í fyrir var gerð tillaga um að verkefnisstjórinn skoðaði samverustunir í samvinnu við deildar til að leita að fjölbreyttum verkefnum til að bæta námstækifæri og ánægju í stundunum. Þetta var ekki gert markvisst og verkefnastjóra finnst það brýnt að skoða þetta næsta á skólaári í ljós þess að útkoman í viðhorfskönnun elstu barna er mjög svipuð í ár og árin áður. Verkefnastjóri gerir einnig tillögu um að hvetja starfsfólk til að gera uppeldisskráningu til að bæta og þróa starf sitt. Uppeldisskráningu er stór hlut af hugsjón og starfsaðferðum Reggio Emilia .

Umbótarverkefni:

- ❖ Gera nýtt skipulag um heimsóknir verkefnisstjórans á deildirnar í samvinnu við deildarstarfsfólkið.
- ❖ Koma að vinnu leikskólans til að auka gæði samverustunda.
- ❖ Að hvetja starfsfólk til að gera uppeldisskráningu til að bæta og þróa starf sitt.
- ❖ Verkefnisstjórinn kemur með skipulögðum hætti að stuðningi við starfsmenn t.d. í undirbúnings tímum.

## **Foreldrar- viðhorfskönnun Skólapúlsins.**

Skólapúlsinn gerði viðhorfskönnun meðal foreldra í mars 2018 og var svarhlutfallið 76,1 %. Könnunin kom mjög jákvætt út fyrir okkur og vorum við næstum í eða yfir landsmeðalagi í öllum atriðum. Þau tvö atriðið sem komu undir vour að foreldrar höfðu áhyggjur af fjölda barna í deildum og þeir sem eru að bíða eftir aðstoð talmeinafræðins eða sálfræðings finnst biðin mjög löng. Að öðruleiti var jafnan ánægja. Í skrifuðum umsögnum kom fram hjá nokkrum að upplýsingaflæðið má vera betra. Þegar við kynntum niðurstöðurnar fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi kom fram óöryggi gagnvart myndbirtingum í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf.

Umbótarverkefni:

- ❖ Við skoðum hverju við þurfum að breyta varðandi myndbirtingar og aðra upplýsingagjörf úr leikskóastarfinu til að við séum að uppfylla ákvæði nýrrar persónuverndarlöggjafar.

## Mat barna

Viðhorfskönnun meðal elsturbarnanna var gerð í maí. Michelle verkefnisstjórinn í skapandi starfi sá um að leggja könnunina fyrir börnin. 37 af 39 elstu börnum leikskólans tóku þátt í könnuninni. Notast var við gömlu broskalla viðhorfskönnunina en fyrirlögninni var breytt. Í stað þess að biðja barn um að bregðast við fullyrðingum eins og til dæmis „mér líður vel í leikskólanum“ þá var barnið beðið að svara „líður þér... vel/stundum vel/ ekki vel... í leikskólanum. Svárið „stundum“ er metið jákvæður valmöguleiki þar sem eðlilegt er að það sé ekki alltaf allt gott og gaman.

Niðurstöður í þessari viðhorfskönnun er að mestu leiti sambærilegar þeim niðurstöðum sem hafa komið fram í hvert skipti sem hún hefur verið framkvæmd. Í ár segja 37% barna að „gaman saman“ er ekki skemmtilgt sem er 14% auking frá í fyra. 32% barna segir að hvíldin sé leiðinleg í ár, á moti 26% í fyra. Miklu fleiri börn í ár segir að þau ráða ekki hvað þau gera í leikskólanum. Þegar kemur að samverustundum er barnahópurinn ósammála. 41% segja að það sé alltaf gaman í samverustundum á máti 32% sem segja að það sé leiðinlegt. Eins og kom fram í fyrra vilja börnin ekki alltaf að synga eða lesa, heldur hafa meira fjölbreytni. Eins og í fyrra er mjög vinsælt að fara í salinn og einnig að leika úti, en bara þegar veður er gott. Flestir sagði að það sé ekki gaman að vera blaut í roki og rigningu og þegar kalt er.

Út frá þessum niðurstöðum sjáum við að börnunum líður vel og þau eiga vini sem er lykilþáttur á námsleið barna.

	Já	Stundum	Nei	% já	% stundum	% nei
Mér líður vel í leikskólanum	25	11	1	68	30	2
Það er gaman að koma í leikskólann	22	13	2	60	35	5
Kennararnir eru góðir við mig	20	15	2	54	41	5
Það er gaman í samverustund	15	10	12	41	27	32
Ég á vini í leikskólanum	29	7	1	78	19	3
Ég fæ stundum að ráða hvað við gerum í leikskól	2	17	18	5	46	49
Það er gaman að fara út í garði	18	16	3	49	43	8
Það er nóg af leikföngum í leikskólanum	18	17	2	49	46	5
Það er gaman að fara í salinn	34	2	1	92	5	3
Það er gaman að fara í Straum og Flæði	28	8	1	76	21	3
Það er gaman að fara í „gaman saman“?	15	8	14	40	22	38
Maturinn í Stekkjarási er góður	15	21	1	40	57	3
Það er gott að fara í hvíld	18	7	12	49	19	32
Það er gaman að leika sér í einingakubbum	22	10	5	59	27	14
Það er gaman að leika sér í holukubbum	24	9	4	65	24	11
Hvernig finnst mér í skógarferðum?	22	27	4	59	73	11
Hvernig finnst mér í „kór“?	21	11	5	57	30	13

### Umbótarverkefni:

- ❖ Endurskoða uppsetning á „gaman saman“ og leita lausna hvernig hætt er að bæta eða breyta þessari stund.
- ❖ Skoða og ígrunda þarf skipulag og markmið með samverusundum til þess að gera þær skemmtilegri fyrir börnin.
- ❖ Ígrunda þarf hvort unnið er eftir starfsaðferðum leikskólans og einkunnar orða hans „Hugmynd barnsins, verkefni dagsins“ í ljós að 49% elsta barna segir að þau ráða ekki.

## **Framfylgni úrbótaáætlunar í kjölfar mats skólaársins 2017-2018**

- Gera skýran feril um hvernig starfsmenn geta unnið úr því þegar þeir upplifa einelti. **Gert.**
- Fara ýtarlega eftir þeim ferlum sem Hafnarfjarðarbær hefur sett sér varðandi veikindaförföll starfsmanna. **Gert að mestu leiti.**
- Skoða leiðir sem stuðlað geta að heilsuefningu starfsmanna í þeim tilgagni að bæta heilsu starfsmanna og minnka fjarveru frá vinnu. **Hluti starfsmanna tók þátt í verkefnum sem bærin fór af stað með í tengslum við heilsuefningu til að mynda Sidekick leikum sem fóru fram í gegnum app í snjalltækum. Allir voru hvattir til þátttöku en einungis hluti starfsmanna tók þátt. Reynt var að starta jóganámskeiðið sem leikskólinn ætlaði að borga fyrir starfsfólk en ekki fékkst næg þátttaka.**
- Fara í ítarlega kynningu með starfsfólki um þá reikniformúlu sem sveitarfélagið notar til að reikna út fjölda barna per starfsmann og einnig á þeim viðmiðum sem sveitarfélagið notar til að finna út hversu mörg börn eru á deildum. **Farið var yfir þetta hvortveggja á starfsmannafundi haust 2017.**
- Kynna fyrir starfsfólki hvernig þörf fyrir stuðning fyrir börn er metin, hvenær börn eru metin í 1. og 2. flokk og hvað er í boði fyrir börn sem ekki eru metin í þessa tvo flokka. Fara yfir ferlana og þann stuðning sem er í boði frá sérfræðingum skólaskrifstofu. **Farið var yfir þetta á starfsmannafundi haust 2017**
- Gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skoðar hvað og hvernig samstarf milli starfsmanna er æskilegast að þeirra mati, hvað hindrar og hvað er hægt að gera í því sambandi. **Þessi könnun fór fram í maí 2018.**
- Skólastjórnendur kynna vel þau símenntunartilboð sem skólaskrifstofan býður uppá og aðrar leiðir fyrir starfsfólk til að finna símenntunarmöguleika. **Aðstoðarleikskólastjóri hafði þetta hlutverk og reyndi hvað hann gat, samt er þátttaka starfsmanna ekki góð.**
- Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri fara á námskeið og rifja upp hvernig gott atvinnuviðtal er. Reynt að finna námskeið sem tekur mið af aðstæðum í leikskólum almennt þ.e. ekki sé verið að tala um að velja þann hæfasta út hópi mjög hæfra, heldur sigta út mögulega þá sem vilja vinna í lengri tíma. **Ekki framkvæmt.**
- Leikskólastjóri tekur viðtöl við alla deildarstjórana og kannar hug þeirra til samvinnu út frá hindrunum og tækifærum. **Gert óformlega í júní 2018.**
- Fá utanaðkomandi aðstoð til að greina vandann í samstarfi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og leiðbeina með árangursríkara samstarf. **Þetta gert.**
- Starfsfólk með yfirburðabekkingu miðli þekkingu sinni með markvissum hætti til þeirra sem minni þekkingu hafa. Markmiðið er að þekking dreifist sem víðast og tenging grunnþátta menntunar við daglegt starf verði sýnileg í daglegu starfi. **Ekki gert.**
- Verkefnastjóri í skapandi starfi, heldur áfram að þróa að bæta það skipulag sem hann lagði upp með á síðasta skólaári. **Gert en ennþá vantar uppá.**
- Haldið verður áfram að þróa útinámið og farið verður að huga að möguleikum útisvæðis við leikskólann í því samhengi. **Gert, útisöðvar festust í sessi.**
- Gerð verður áætlun sem miðar að því að gera lestarverkefnið sýnilegra í daglegu starfi skólans. **Ekki gerð áætlun en haldið áfram með verkefnið.**
- Umorða spurningar og breyta útliti viðhorfskönnunarinnar, frá því sem hún er í dag, til að betur sé hægt að ná ástæðum fyrir svari barnanna t.d. mér líður „svona“ í leikskólanum af því að... **Gert**
- Skoða aðstæður í „gaman saman“ út frá öllum hliðum, og finna leiðir til að auka ánægju fleiri barna af stundinni. **Gaman saman breyttist með tilkomu matsalans. Nú eru allir í hálfum salnum austan megin og mun þrengra er um hvern og einn. Deildar sem hafa áhuga skiptast á að stýra gaman saman og það skipulag er farið að valda leiðindum.**
- Endurskoða hvort hægt sé að breyta eitthvað til í sambandi við skipulag og fjölbreytni í samverustundum. **Verkefnisstjórnin í skapandi starfi hugðist fara inn í þetta verkefni og skoða þetta þegar hann væri að styðja við hverja deild samkv. skipulagi en svo þegar matsalurinn kom þá fóru samverustundirnar á hliðina. Þetta er verkefni sem þarf að vinna markvisst að á næsta skólaári hvort sem við höldum áfram með matsalinn eða ekki.**

- Skoða hvað veldur því að 26% barna eru óánægð í hvíld og hvort hægt sé að breyta einhverju í sambandi við hvíldina t.d. lengd hennar, því sem verið er að hlusta á eða hvað er verið að lesa. **Hvíldin var styttn en lögd áhersla á að hún væri alla daga til að auðvelda t.d. lestur framhaldssaga.**
- Haustið 2017 mun Vináttuverkefnið vera tekið upp aftur á Þúfu og Fífu. **Það var tekið upp en gengur ekki vel að festa það í daglegu starfi.**
- Keypt verður ein Vináttutaska í viðbót sem byrjunarefni fyrir aðrar deildir. **Hún var keypt.**
- Endurmat á Vináttuverkefninu verður í maí 2018 og í framhaldi af því verður ákveðið hvort allar eldri deildirnar í Stekkjarási fara í verkefnið frá og með hausti 2018. Gert. **Ákveðið að halda áfram að nýta töskurnar líkt og hefur verið gert en leggja ekki áherslu á bangsana og fastar stundir.**
- Allir stuðningsaðilar verða með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn. **Tókst nokkuð vel með 1 og 2 flokk en 3 flokkur er mjög misjafnt skilgeindur á barn og mun breytilegri.**
- Skoða nýjar leiðir við stuðning barna og deilda þegar um hegðunarvanda barna er að ræða. **Ekki gert en rætt á skipulagsdegi í maí hvað sé til ráða og hugmynd er að stjórnendur leiti leiða í samvinnu við þroskaþjálfana og aðra sem sinna stuðningi að finna verkfæri.**
- Halda áfram að þróa aðferðir við að taka á móti erlendum og tvítýngdum börnum. **Ekki gert að neinu viti og við þurfum að halda áfram að bæta okkur hér þá aðalega til að syðja við íslenskukennsluna. Annað í ágætu ferli í tengslum við móttöku.**
- Skilgreina betur þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað. Ef starfsfólk vill fá tíma fyrir einstakt barn eða börn skulu deildarstjórar sækja um það skriflega til samráðsteymis leikskólans. **Ekki gert en vilji að setja þetta á dagskrá næsta árs.**
- Útbúið verður eyðublað sem hægt er að sækja um í þriðja flokk. **Gerð voru drög að þessu eyðublaði en það komst ekki í gagnið.**
- Verkefnisstjórnin í skapandi starfi heldur fund með deildarstjórum eftir að hafa verið eina viku á hverri deild til að kalla eftir endurgjöf og hugmyndum að næstu umferð með bæði tímum fyrir og eftir hádegi í huga. **Ekki gert með einum og einum heldur með öllum á deildarstjórafundi.**
- Verkefnisstjórnin í skapandi starfi kemur að því að leita leiða til að auka fjölbreyttni og ánægju barnanna í samverustundum. **Ekki gert að neinu viti og svo breyttist allt þegar matsalurinn kom.**
- Verkefnisstjórnin í skapandi starfi gerir sér tímaplan sem verður sýnilegt við 9 fundartöfluna. Tímaplanið verður til viðmiðunar en þar kemur fram hvenær hann er í undirbúningi, í hvaða vikum hann er á hvaða deild á hvaða tímum og hvenær hann sinnir læsisverkefninu. **Þetta plan var gert en var ekki sýnilegt við 9 töfluna.**
- Einhvern tímann á vorönninni verður kannað hvort aldurböndunin sem var þetta skólaárið sé heppileg. **Gert á deildarstjórafundi. Mun heppilegri aldursböldun nú í ár en árið þar áður. Það er helst á Krummakoti sem það er breiður aldur.**
- Gera örstutta könnun á meðal starfsmanna af hverju þeir vilja eða vilja ekki taka þátt í viðhorfskönnunum varðandi starfið. **Rætt í tengslum við vinnustaðgreiningu bæjarins þegar farið var yfir hana. Það er helst rekjanleikinn sem truflar fólk og tími sem fer í kannanir sem eru langar.**
- Harpa Kolbeins, Unnur og/eða aðrir áhugasamir starfsmenn leiði útistöðvadaða 2svar í mánuði líkt og búið er að vera að gera nú í mars, apríl og maí 2017. **Gert með góðum árangri og hlutum við viðurkenningu fræðsluráð fyrir útistöðvar í garðinum.**
- Á starfmannafundi, fagfundi eða á skipulagsdegi taka umræðu um útisvæðið þar sem reynt verður að færa umræðuna um útisvæðið frá því að ræða endurtekið um skipulag og svæðaskiptingu yfir í að ræða námstækifæri og notkun á svæðinu. **Gert um haustið 2017.**
- Á starfmannafundi, fagfundi eða á skipulagsdegi taka umræðu um útisvæðið út frá togstreitu milli áhættu og námstækifæra, hvernig klæðnaður og búnaður starfsmanna sé best til þess fallinn til að ýta undir virkni o.s.frv. **Gert í febrúar í tengslum við rannsókn Hörpu. K. í M.Ed náminu.**

## ***Símenntunaráætlun skólaársins 2017 -2087 endurmetin***

Á skipulagsdegi 27. september 2017 var eldvarnarnámskeið. Námskeiðið var liður í forvarnarstarfi og þjálfun starfsfólks í eldvörnum og flóttaleiðum. Einnig var námskeið á vegum Vinnuverndar. Á námskeiðinu var t.d. farið inn á hvernig og hvar við eigum samskipti, möguleika og hindranir í samskiptum, formleg og óformleg samskipti, tón og orðanotkun, endurgjöf og virka hlustun ofl. Umræða um útsvæðið var færð fram á skólaárið og rædd í febrúar á skipulagsdegi.

Nýliðanámskeið voru haldin í október með hefðbundnu skipulagi. Stjórnunarteymið hafði umsjón með námskeiðunum.

Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.

Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.

Starfsmannahandbókin/ starfsaðferðir Reggio Emilia –Aðstoðarleikskólastjóri.

Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.

Skólanámskráin –Leikskólastjóri.

Á starfsmannafundi 3. október 2017 var kynning hjá tveimur deildarstjórum á Vináttu verkefninu Blæ, sem er forvarnaverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og var prufukeyrt á tveimur deildum síðast liðið skólaár. Námskeiðið í viðbrögðum við erfiðri hegðun féll niður.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri fundu sér ekki námskeið sem fjallaði um að taka atvinnuviðtöl eins og fyrirhugað var í október.

Á skipulagsdegi 20. nóvember 2017 fór starfsmannahópurinn í heimsóknir í fjóra leikskóla sem starfa eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og kynnti sér hvernig starfið er útfært og hvaða áherslur eru lagðar í starfið á hverjum stað. Ekki gafst tími til að fá aðkeypta fræðslu um starfsaðferðir Reggio Emilia heldur fór tíminn e.h. í að endurskoða skólanámskránnu því það var verkefni sem átti að klárast fyrir áramót.

3. janúar var fyrirhugað fjögurra tíma slysa- og skyndihjálparnámskeið en það frestaðist til 23. febrúar vegna veikinda námskeiðshaldarans. Í stað þess voru teknar faglegar umræður í þrískiptum hópum. Umræðurnar snérist um samverustundir, samskipti út frá víðu sjónarhorni og vinnu okkar með börn með erfiða hegðun.

23. febrúar 2018 var fyrirhugað að hafa námskeið um hvernig hægt er að styðja við tvítýngda nemendur en þar sem við þurftum að færa slysa- og skyndihjálparnámskeiðið til þessa dags varð ekkert úr þessu námskeiði. Umræða var einnig þennan dag um útsvæðið.

Á skipulagsdegi 28. maí 2018 var ætlunin að hafa hópeflisnámskeið sem breyttist úr námskeiði í einn stuttan hópeflisleik. Í staðinn var tíminn nýttur að stórum hluta í endurmatsverkefni en tveir tímar nýttir í kynning á skráningum í anda starfsaðgerða Reggio Emilia. Verkefnisstjór í skapandi starfi sá um kynninguna.

### **Önnur símenntun**

Starfsmenn voru eins og venja er, hvattir og veitt svigrúm eins og hægt var til að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim bauðst eða vildu fjármagna með styrkjum sinnum stéttarfélag. Staðreyndin var þó sú þetta árið að starfsfólk Stekkjarás nýttu sér afar lítið þau námskeið sem buðust á vegum skólaskrifstofu. Einn kennari fór á námskeið á vegum Fræðslu- og frístundaþjónustu um kennslu yngstu barna.

Trúnaðarmaður starfsmanna Hlífar fór á trúnaðarmannamámskeið á vegur ASÍ

Einn starfsmaður fór á íslenskunámskeið sem boðið var upp á, á vegum Hafnarfjarðarbæjar, fyrir erlent starfsfólk leikskóla og var það einu sinni í viku alla vorönnina.

Aðstoðarleikskólastjóri er jafnréttisfulltrúi leikskólans og sem slíkur sótti hann nokkra fundi og fékk fræðslu um jafnréttisáætlun Hafnarfjarðar, Barnasáttmálann, starfsemi Jafnréttisstofu og innleiðingu jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar.

Kannaður var áhugi starfsmanna á að hafa jóganámskeið fyrir starfsmenn á kvöldin en leikskólinn myndi borga. Ekki reyndist áhuginn vera það mikill að hægt væri að bjóða upp á það í þetta að sinni.

Fyrirhugað var að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd. Framkvæmd og skipulag var þó rætt og haldið verður áfram að vinna að þessu næsta skólaár.

Í nóvember fór einn kennari á réttindanámskeið í TRAS. Skráningarlista til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.

Faghópurinn kynnti sér stærðfræði skimunarefnið MIO á starfsmannafundi. Námskeiðsefnið keypt á netinu.

Upplýsinga- og tæknifulltrúi leikskólans fór á forritunarnámskeið í mars.

Í apríl fóru sérkennslustjóri ástamt einum sérkennar á vörnámskeið Greiningarstöðvarinnar.

Í maí fóru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastóri á námskeið um hvernig taka skal á eineltismálum innan stofnanna og vinnustaða bæjarins.

Tveir kennarar eru í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er á loka ári í grunnnámi í þroskaþjálfunarfræðum.

### ***Matsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018 endurmetin***

- Á skipulagsdegi í september verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem vilji til samvinnu starfsmanna og deilda verður kannaður. **Þetta var gert í maí 2018.**
- Á haustönn verður skólanámskrá Stekkjaráss endurskoðuð. **Þetta var gert.**
- Á skipulagsdegi í nóvember verða umræður um útsvæðið og framkvæmd og gangur á útistöðvadögum endurmetinn. **Þetta var gert í febrúar 2018 í tengslum við verkefni Hörpu K. ekki sett í endumatskýrslu þar sem Harpa var ekki tilbúin með þennan kafla í verkefninu. Umræðurnar skiluðu samt sínu.**
- Í desember gerir verkefnisstjóri í skapandi starfi endurmat á stöðunni eins og hún var skipulögð og framkvæmd á haustönn. **Gert.**
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður á vorönn. Skólapúlsinn framkvæmir könnunina en skólaskrifstofa Hafnarfjarðar stendur fyrir henni. **Gert.**
- Á skipulagsdegi eða starfsmannafundi á vorönn verður umræðutími þar sem reynt verður að fá fram ástæður fyrir því að starfsfólk velur/velur ekki að taka þátt í viðhorfskönnunum. **Tekið fyrir á starfsmannafundi í tengslum við kynningu á niðurstöðum vinnustaðagreiningar Hafnarfjarðar.**
- Starfsmannasamtöl á vorönn. **Gert**
- Í maí verður endurmatsfundur með starfsfólki Fífu og Þúfu til að skoða hvernig „Vináttuverkefnið“ hefur gengið á skólaárinu með það fyrir augum að skoða hvort kaupa eigi fleiri töskur og innleiða verkefnið á hinar aldurlönduðu deildirnar. **Gert í júní 2018.**
- Á skipulagsdegi í maí verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem eftirtalir þættir verða kannaðir:
  1. Samvinnan í leikskólanum, er hún eins og starfsmaðurinn telur hana vera ákjósanlegasta? Hvað er gott? Hvað mætti bæta?
  2. Þátttöku og framkvæmd starfsmanna í verkefninu sem stuðlar að bættri menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og stærðfræði.

3. Hvernig útisvæðið og framkvæmd og gangur á útistöðvadögum tókst í vetur/vor.
4. Hvernig hefur gengið að vinna með börn með erfiða hegðun í vetur? Hvað gekk vel og hvað illa?

**Þetta var gert í maí 2018. Sammvinnan í formi viðhorfskönnunar en hin atriðin tekin fyrir í Hópumræðum.**

- Viðhorfskönnun meðal barna í apríl/maí þar sem kannað er viðhorf þeirra til ýmissa þátta í starfinu (viðhorf barnanna til sömu þátta og vor 2016 en fyrirlögninni verður breytt). **Gert.**
- Foreldraviðtöl á vorönn (einnig á haustönn fyri þá sem vilja). **Gert.**
- Viðburðir og daglegar uppákomur metið á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og hjá samráðsteymi leikskólans. **Gert.**
- Sérkennslustjóri endurmetur starfið sitt maí lok byrjun júní. **Gert.**
- Verkefnisstjóri í skapandi starfi endurmetur starf sitt í lok maí byrjun júní. **Gert.**

### **Samantekt.**

Í þessari skýrslu er mat á starfi leikskólans á þessu skólaári tekið saman. Ytra matið fólst í viðhorfskönnun sem Skólapúlsinn gerði meðal foreldra og vinnustaðagreiningu á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Svarhlutfall í viðhorfskönnun Skólapúlsins meðal foreldra var 76,1% og því marktæk. Í vinnustaðagreiningunni var svarhlutfallið 54%. Innra matið var nokkuð fjölbreytt og matsáætlun leikskólans var fylgt í stórum dráttum. Það þurfti að færa tímasetningar á endurmatinu en það var framkæmt.

#### **Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2018-2019:**

- ❖ Hvetja Hafnarfjarðarbæ sem gerir þessa tilteknu viðhorfskönnun að hætta að spyrja um kyn og aldur til að minnka möguleikan til að rekja svörin til ákveðinna persóna. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Við næstu svona viðhorfskönnun verður tekin frá sérstök tölva á leikskólanum, sem staðsett er í rólegu rými innan leikskólans, til að svara könnuninni og deildarstjóri sér um að hver starfsmaður deildarinnar fái tækifæri til að fara í viðkomandi tölu og svara könnuninni. Hvatning til þáttöku verði á höndum allra stjórenda. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Á starfsmannafundi í maí verði örnámskeið um hvatningu og hrós. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Uppeldisfræðilegar skráningar verða gerðar að rauðum þræði í gegnum allt starf næsta skólaárs og tekið tillit til þess í starfsáætlun.
- ❖ Starfsfólk sérkennslu heldur deildarfundum einu sinni í mánuði á dagtíma og setur fundagerðir á sameignardrifið.
- ❖ Leikskólastjóri fer í eitt fyrra kaffi og annað seinna kaffi, minnst einu sinni í viku.
- ❖ Skráningar í sal verði nýttar marktækt og með skipulögðum hætti til að gefa upplýsingar á milli deilda og alls starfsfólksins í húsinu.
- ❖ Unnið verði að góðu upplýsingaflæði og unnið að gera samtalið að aðaltæki starfsmanna til að samstarf sé gott. Gert með því að taka þetta fyrir á starfsmannafundum einu sinni á hvorri önn.
- ❖ Skerpa þarf á verkefnum bætt menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og koma með nýja innspýtingu í upphafi næsta skólaárs
- ❖ Gera skráningu á vorönn sem fjallar á einhvern hátt um þætti tengda undirstöðu læsis.
- ❖ Stjórnendur í samráði við sérkennslustarfsmennina skoða aðferðir sem notaðar eru til hegðunarmótunar og athuga hvort áhugi sé fyrir því að Stekkjarási komi sér upp einhverri einni aðferð til að grípa til umfram aðra.



- ❖ Leita leiða til að auka samráð og samtál meðal starfsmanna í garðinum.
- ❖ Auka samstöðu starfsfólks við að koma í veg fyrir að börn fari niður brekkuna á Flóttasvæði á þríhjólum.
- ❖ Skerpa á reglum varðandi frágang leiktækja í garðinum. Bæði fyrir hádegi og eins í lok dags.
- ❖ Allir stuðningsaðilar verði færir að nýta AEPS listann sem tæki til að setja sér markamið og leiði ásamt því að nota listann sem matstæki á framfarir náms.
- ❖ Annan hvorn mánuð að minnsta kosti hittir sérkennslustjóri stuðningsaðila og deildarstjóra ef það á við og fer yfir stöðu náms stuðningsbarns.
- ❖ Skoða nýjar leiðir við stuðning barna og deilda þegar um hegnunarfunda barna er að ræða.
- ❖ Mikilvægt er að finna leiðir til að mæta erlendum og tvítyngdum börnum
- ❖ Skilgreina vel þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað.
- ❖ Ef deildastjóri óskar eftir tíma fyrir einstakt barn eða börn skulu deildarstjórar sækja um það skriflega til samráðsteymis leikskólans.
- ❖ Útbúið verður eyðublað sem hægt er að sækja um í þriðja flokk.
- ❖ Gera nýtt skipulag um heimsóknir verkefnisstjórans á deildirnar í samvinnu við deildarstarfsfólkið.
- ❖ Koma að vinnu leikskólans til að auka gæði samverustunda.
- ❖ Að hvetja starfsfólk til að gera uppeldisskráningu til að bæta og þróa starf sitt.
- ❖ Verkefnisstjórinn kemur með skipulögðum hætti að stuðningi við starfsmenn t.d. í undirbúnings tímum.
- ❖ Við skoðum hverju við þurfum að breyta varðandi myndbirtingar og aðra upplýsingagjörf úr leikskóastarfinu til að við séum að uppfylla ákvæði nýrrar persónuverndarlöggjafar.
- ❖ Endurskoða uppsetning á „gaman saman“ og leita lausna hvernig hætt er að bæta eða breyta þessarri stund.
- ❖ Skoða og ígrunda þarf skipulag og markmið með samverusundum til þess að gera þær skemmtilegri fyrir börnin.
- ❖ Ígrunda þarf hvort unnið er eftir starfsaðferðum leikskólans og einkunnar orða hans „Hugmynd barnsins, verkefni dagsins“ í ljós að 49% elsta barna segir að þau ráða ekki.

#### **Umbótarverkefni deilda:**

##### Fífa:

- ❖ Hafa verkefni fyrir börnin á afmörkuðum svæðum.
- ❖ Bæta frágang í fataklefa.
- ❖ Starfsfólk passi upp á kaffitímana sína.

##### Glaðheimar:

- ❖ Bæta frágang, bæði að virkja börnin til frágangs og starfsfólk vinni markvissari í frágangi.

##### Álfheimar:

- ❖ Nýta betur rými, aðstöðu og starfsfólk deildarinnar. Skipta börnunum oftar upp í litla hópa yfir daginn. Hver hópur fær ákveðið svæði svo allt rýmið á deildinni sé í notkun. Starfsfólk leggi sig fram að skapa nánd, öryggi og að kynnast hverju barni.

##### Blásteinn:

- ❖ Koma samverustundum í fastara skipulag.
- ❖ Endurskipulegga stöðvavinnuna með það í huga að bjóða upp á stærri verkefni sem taka yfir lengri tíma.

##### Stekkur:

- ❖ Vera með börnin í tvískiptri samverustund að minnsta kosti einu sinni á dag.
- ❖ Lesa fyrir börnin annaðhvort rúlega 8 eða í kringum 16 að minnsta kosti 3x í viku.
- ❖ Halda baðherbergi deildarinnar snyrtilgu og hreinu.

Sólgarður:

- ❖ Bæta umgengni í fataherbergi og þurrkuklefa.

Krummakot:

- ❖ Hafa hópastarfið öflugra og markvissara.
- ❖ Huga betur að bókalestri fyrir börnin.

Þúfa:

- ❖ Skipuleggja starf deildarinnar þannig að það sé alltaf samvera á morgnana kl. 9:30 sem verður með áherslu á söng.